

Tillaga
Afgreidd af

A 1932/PRE
Forsætisnefnd

Nefndarálit um þingmannatillögu um norrænan stuðning við enduruppbyggingu Úkraínu

Forsætisnefndin leggur til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til norrænu ríkisstjórnanna

að koma á upplýsingaskiptum og þróa fyrirliggjandi samstarfsverkefni milli Norðurlanda og Úkraínu í tengslum við þróun opinberrar stjórnsýslu, menntunar og innviða,

að vinna að því að tryggja bæði norræna og evrópska fjármögnun fyrir enduruppbyggingu Úkraínu, og

að styðja vinnu í Úkraínu gegn spillingu og með lýðræðislegri stjórnun opinbers fjármagns

Bakgrunnur

Norræn vinstri græn lögðu til að Norðurlandaráð beindi þeim tilmælum til ríkisstjórnanna á Norðurlöndum

að koma á upplýsingaskiptum og þróa fyrirliggjandi samstarfsverkefni milli Norðurlanda og Úkraínu í tengslum við þróun opinberrar stjórnsýslu, menntunar og innviða,

að vinna að því að tryggja bæði norræna og evrópska fjármögnun fyrir enduruppbyggingu Úkraínu, og

að styðja vinnu í Úkraínu gegn spillingu og með lýðræðislegri stjórnun opinbers fjármagns

Í tengslum við meðferð þingmannatillögunnar á fundi forsætisnefndar var ákveðið að senda ríkisstjórnnum Norðurlanda án tafar bréf til að afla upplýsinga um aðgerðir norrænu ríkjanna til stuðnings Úkraínu.



Sjónarmið forsætisnefndar

Forsætisnefndin leggur til að meðferð tillögu Norrænna vinstri grænni verði haldið áfram í heild sinni.

Norðurlöndum, XX. mars 2023

Annette Lind (S)

Erkki Tuomioja (sd)

Heléne Björklund (S)

Oddný G. Harðardóttir (Sf)

Hanna Katrín Friðriksson (Vr)

Heidi Greni (Sp)

Helge Orten (H)

Maria Stockhaus (M)

Kathy Lie (SV)

Anna Starbrink (L)

Lorena Delgado Varas (V)

Jouni Ovaska (cent)